

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um Íslenska aðalverktaka.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hver er eignarhlutur ríkisins í Íslenskum aðalverktökum?
2. Hversu lengi hafa Íslenskir aðalverktakar einkarétt á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli?
3. Hefur starfsemi Íslenskra aðalverktaka verið aðskilin fyrir verk sem unnin eru utan og innan Keflavíkurflugvallar?
4. Hve mikið hafa Íslenskir aðalverktakar fjárfest í íslenskum verktakafyrirtækjum og þá hvaða fyrirtækjum,
  - a. 100%,
  - b. að hluta?
5. Samræmist það samkeppnisreglum að ríkið semji við Íslenska aðalverktaka um verkefni og eigi leiðandi hlut í fyrirtækinu?
6. Hvenær ætlar ríkið að selja hlut sinn í Íslenskum aðalverktökum og hvert er áætlað söluverð?

Skriflegt svar óskast.